

Afsteyppunnar virkt

Myndlist

Bragi Asgeirsson

Franski myndhöggvarinn *Auguste Rodin* (1840-1917) telst óumdeilanlega einn nafnkenndasti myndlistarmaður sem lifað hefur fram á þessa öld og jafnframt sá sem greiðasta leið hefur átt út til fólksins.

Í verkum hans er einhver mikilfengleg leikræn tjáning og innri þróttur sem eins og gneistar og geislar frá, hvort heldur um er að ræða hópmynd eða einungis hluta mannslíkamans, t.d. hönd.

En tjáningin ein dugir þó engan veginn, ef ekki færi saman afburða tilfinning fyrir rúmtaki og hinu formræna samspili innan þess. Þetta hefur verið nefnt rými á seinni tímum til útskýringar á ýmsum afbrigðum núlsta, þó hér sé á ferð ævagamt hugtak innan höggmyndalistarinnar.

Táknyggjan (symbolisminn), sem var svo áberandi á seinni hluta síðustu aldar og fram eftir þessari öld, kemur einnig við sögu í verkum Rodins ásamt skammti af hetjurómantik. Öll þessi mikla frásagnargleði varð til þess að ýmsir framsæknir listamenn tóku afstöðu gegn list Rodins, en á seinni tímum hefur vegur hans aftur vaxið og hlutur hans í uppsláttarbókum aukist. Vísa má einnig til þess, að sumir nemendur Rodins og samverkamenn eins og Aristide Maillol (1861-1944), Charles Despiau (1874-1946) og Emile Antoine Bourdelle (1861-1929) dýrkuðu hið hreina og sigilda form öðru fremur og létu hið frásagnarlega lönd og leið.

Vafalítið er enginn listamaður jafn vel kynntur og Rodin á lista-söfnum heimsins og afsteyppur verka hans hafa dreifst um allar jarðir og þannig munu vera á sérstöku safni í Fíladelfíu afsteyppur af öllum frumverkum Rodins-safnsins í Hotel Biron við Rue de Varenne í París.

Glyptotekið í Kaupmannahöfn á mikið og fjölbætt safn af stytum hans og var þeim mjög vel komið fyrir í sérstökum sal lengi vel, og eitt hið áhrifamesta við safnið í mínum augum á mörgum heimsóknum mínum í upphafi námsferils míns ytra.

Á safni vestrænnar myndlistar í Tókýó eru einnig margar afsteyppur verka meistarans auk frumverka franskra málara, en þar fóru stytur hans að virka á mig, sem fullmikið af hinu góða, einkum vegna mikilfenglegra

málverka landa hans og samtíðarmanna í frumgerð sinni.

Það hefur líka ratað í ferðabæklinga, að innlit á safnið sé ekki mikils virði fyrir þá sem þekja vel til evrópskrar listar, og má það vera rétt að sumu leyti en ekki vildi ég hafa misst af því vegna málverkanna.

Sá sem séð hefur frumverk mikils meistarans skilur og skynjar muninn á því og endurgerð þess, og þannig veit enginn hvað Davíð eftir Michaelangelo er fyrr en hann hefur séð frumgerðina í marmara á Galleria dell' Accademia í Flórens, og hnykkir þá mörgum við. Munurinn á frumgerðinni og hinum mörgu endurgerðum í gipsi vísar vegar um heiminn er meiri en tali tekur, því hvað frumgerðina snertir stendur maður frammi fyrir vinnubrögðum sem naumast eiga sér hliðstæðu.

Það var einmitt þegar Rodin leit myndir Michaelangelos í Flórens, að hann fékk þá hugljómun sem list hans nærðist af alla tíð síðan, og einkum hvað hinar ófullgerðu stytur snillingssins áhrærir, en þær eru ekki síður mikilfenglegar en hinar fullgerðu og fínþúsuðu.

Og það er einmitt hin fínþúsaða áferð sem einkennir afsteyppur verka Rodins að Kjarvalsstöðum, en hún var síður einkenni verka hans í frumgerð þeirra og þannig er lögd áhersla á veðrunina á því fræga verki „Borgararnir í Calais“ í Kaupmannahöfn, og sú margslungna áferð eykur mjög áhrifamátt þess. Það er líka langur vegur frá minnismerki Balzac á Boulevard Raspail í París eða styttni í Pére Lachaise kirkjugarðinum til verkanna af honum í austursal Kjarvalsstaða.

Rodin var öðru fremur maður fjölbættar vinnubrögða, og þannig vann hann beint í leirinn og gipsið, auk þess að brenna stundum leirinn í stað þess (og auk þess) að taka af honum gipsmót og þá einmitt vegna fyllingarinnar í áferðinni.

Allar uppsláttarbækur, sem og bækur um Rodin, greina frá því að hann hafi verið myndhöggvari og teiknari auk þess að fást við málmætingu og sumar nefna hann jafnvel einnig málara, en tekið er þá fram að hann hafi öðru fremur verið myndhöggvari og hitt hafi aðallega verið undirbúningsriss að höggmyndum, hvíld frá þeim eða hugmynda-vinna í öðrum efnivið.

Er svo er komið er hins vegar

alveg óhætt að nefna Rodin myndhöggvara og teiknara, því að teikningar hans hafa öðlast mikla frægð á seinni árum og margur sem hafnar honum sem myndhöggvara, dái hann sem teiknara.


Um inntakið í list Rodins er hins vegar alveg á hreinu í uppsláttarbókum, en hann var hliðstæða málara sem fönguðu augnablikið, ljósbrigði og litróf náttúrunnar, þ.e. impressionistanna, og það sem einkenndi verk hans var öðru fremur hið munúðarfulla og ástþrungna. Þetta kemur einkum fram í teikningunum, sem hann málaði íðulega með vatnslit, þar eru strikin ofurfin, létt og lifandi og konan er sem blómknappur er breiðir úr sér í allri sinni eðlislegu nekt.

Því miður verður að segja eins og er, að það er ekki alveg hinn rétti Rodin, sem kynntur er að Kjarvalsstöðum, og ég persónulega dái og elska, heldur afsteyppur verka hans, sem auk þess glampar og glóir í vegna harðrar og stingandi lýsingar.

Á sýninguna vantar verk úr gipsi og marmara, svo og verk í brenndum leir, og ekkert verk er þarna frá hendi meistarans í frumgerð sinni. Ekki einu sinni ein litil teikning né málmæting. Og þriðja útgáfan af Hliði vítis, sem sérstaklega var vakin athygli á, var upprunalega mótuð í leir en var steypt fyrir safnið árið 1991 (!), og þó í henni finnst arkitektóniskur samhljómur með endanlegri gerð er enn langt í land, eins og allir geta séð.

Einhvern veginn minnir þetta mig á „nýja antík“, sem á svo miklum vinsældum að fagna hér á landi. Einnig finnst mér jafn mikið skorta á sanna mynd af Rodin á sýningunni og í kvikmyndinni um ástir hans og Camille Claudel í sjónvarpinu sl. föstudag. Munurinn er einungis sá, að myndin var ekki upp á marga fiska og á köflum hrútleiðinleg en hins vegar eru stytur Rodins aldrei leiðinlegar, einungis misjafnlega sannar.

Verð ég að viðurkenna mikil vonbrigði mín, þótt skynja megí formræna meistarataka í afsteyppunum, en þær eru bara svo skelfilega gljáandi að minnir á afsteyppur í listmunaverzlun sem lengi var á miðjum Laugavegi, en er nú komin í listhúsið í Laugardal. Hin stóra og veglega sýningarskrá upplýsir meira að segja að sumar myndirnar, t.d. hin fræga mynd „Kossinn“, hafi verið



Rodin á vinnustofu sinni.

steyptar í ótölulegum eintakafjölda!

Og hvað það fræga og heillandi verk snertir er allt annar handleggur að sjá það í gipsi eða marmara en í bronsi. Ljósmyndirnar á veggjunum bæta ýmislegt upp, og án þeirra væri sýningin sýnu risminni, því að í þeim er einmitt rétta andrúmið og stundum kemur greinilega fram ýmislegt í gipsverkunum á ljósmyndunum, sem hefur tapast við yfirfærsluna í brons.

Mögulegt hefði jafnvel verið að kynna vandaðar litprentanir af gips- og bronsverkum Rodins ásamt teikningunum, en það er ekki gert og er miður, en sé það til að hlífa siðgæðisvitund fólks, sem aldrei kemur á sýningar nema til að sýna sig og sjá aðra, hefur það tekist fullkomlega.

Satt að segja spyr maður um tilgang slíkrar sýningar og af hverju hún sé hingað komin, því að það eru þúsundir Íslendinga ef ekki tugþúsundir sem hafa fengið tækifæri til að dást að verkum Rodins á Glyptotekinu í Kaupmannahöfn, sem gefur mun raunsannari hugmynd um snilli hans, og margir hafa vafalaust komið á Rodin-safnið í París.

Ég get helst hvatt sem flesta áhugasama, sem skoða þessa sýningu og eiga leið um París, að láta sitt fyrsta verk vera að skoða Rodin-safnið, því að þeir kynnast ekki hinum sanna Rodin á þessari sýningu, fá rétt nasasjón af snilli hans. Má geta þess, að safnið er

steinsnar frá Les Invalides herminjasafninu, þar sem jarðneskar leyfar Napóleons, Fochs marskáls og fleiri mikilmenna franskra sögu eru til húsa.

Þá skal þess getið að Kjarvalsstaðir er frekar strembin bygging til sýninga á höggmyndum nema með uppstokkun húsnæðisins, líkt og var gert með eftirminnilegri sýningu verka Thorvaldsens um árið. Hver meiri háttar höggmynd hefði helst þurft sérstaka meðhöndlun og sveigjanlega lýsingu til að fá notið sín.

Vonandi verður það svo ekki næsta skrefið að kynna okkur t.d. eftirprentanir af verkum Delacroix, Monet, van Gogh eða annarra mikilhæfra samlanda Rodins á myndlistarsviðinu á veggjum Kjarvalsstaða.

Gleymum ekki, að hér er verið að „kynna“ myndhöggvara, sem er mun betur þekktur flestum myndhöggvurum jarðkringlunnar á Íslandi, að Einarí Jónssyni einum undanskildum, og þess vegna gera menn nokkrar kröfur til kynningarinnar og hér vilja menn sjá blóð, tár og svita, en ekki eftirgerðir í eins konar súkkulaðihjúp.

Þrátt fyrir allt og vel það, verðskuldar meistari Auguste Rodin nánari kynningu í blaðinu. Og til að skapa meiri skoðanalega vidd í rými á mikilsháttar sýningar hefur verið ákveðið að fara að tveimur hliðum að þeim, og mun Eiríkur Þorláksson starfsbróðir minn skrifa um það sem honum hugnast af æviferli listamannsins.

Bókaflóðið að hefjast

Útgáfa Fróða og Æskunnar

HJÁ Fróða koma út margar bækur og af ýmsu tagi, en útgáfa Æskunnar er með minnsta móti að þessu sinni.

Fróði

Þorgrímur Þráinsson skrifar um ungmenni í útilegu í skáldsögunni *Spor í myrkri*.

Sundur og saman er fyrsta skáldsaga Jóninu Leósdóttur og fjallar hún um unglina á krossgötum.

Háskaleikur nefnist ný spennusaga eftir Stephen King í þýðingu Guðbrandar Gíslasonar.

Saltbragð hörundsins eftir frönsku skáldkonuna Benoite Groult hefur verið rómuð víða. Guðrún Finnbogadóttir þýðir bókina.

Strákarnir okkar eftir Sigmund Ó. Steinarsson fjallar ítarlega um íslenskan handknattleik.

Arnar Guðmundsson og Unnar

Ingvarsson fjalla um umdeildan þátt sögunnar í bókinni *Bruggið og bannárin*.

Þú gefst aldrei upp, Sigga, er ævisaga Sigríðar Rósu Kristinsdóttur skráð af Elísabetu Þorgeirsdóttur.

Til eru fræ — saga Hauks Morthens söngvara er eftir Jónas Jónasson.

Manga með svarta vanga er um Margréti Sigurðardóttur frá Hvammi í Langadal og skráð af Ómari Ragnarssyni.

NBA — þeir bestu eftir Eggert Þór Aðalsteinsson fjallar um bandarísku körfuknattleiksmennina í NBA-deildinni.

Spennandi spurningakeppni eftir Guðjón Inga Eiríksson er eins og nafnið bendir til leikjabók.

Leiksysstur og labbakútar er ný barnabók eftir Helgu Möller, en Puntrófur og pottormar, frumraun hennar á því sviði, vakti athygli.

Hrakningar og björgunarafrek eru efni Helnaðar eftir Eirík S. Eiríksson.


Æskan

Róbert — ævisaga listamanns er bók sem Æskan gefur út um Róbert Arnfinnsson leikara. Eðvarð Ingólfsson skráir.

Vorið kallar. Ljóð og söngvar eftir Margréti Jónsdóttur. Í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu Margrétar hefur verið tekið saman úrval barnaljóða hennar.

Leiðrétting

Í frétt um væntanlegar bækur frá bókaútgáfunni Íðunni var barna- og unglingsbók eftir Íðunni Steinsdóttur rangnefnd. Bókin heitir *Er allt að verða vitlaust!* Þess má geta að Gegnum þyrni-gerðið eftir Íðunni er nýkomin út á þýsku.



Helgi Sæmundsson og Guðmundur Ingi Kristjánsson með nýju bókina, „Söldagar“.

Nýjar bækur

Ljóð Guðmundar Inga

SÓLDAGAR er heildarljóðasafn Guðmundar Inga Kristjánssonar á Kirkjubóli í Bjarnardal í Öndarfirði. Efni „Söldaga“ eru fimm bækur skáldsins, *Sólstafir*, *Sólbráð*, *Söldögg*, *Sólborgir* og *Sólfar*, en að auki úrval kvæða þess frá seinni árum.

Í fréttatilkynningu segir m.a.: „Guðmundur Ingi er listhagur á mál og rím og gerðist snemma sér-

stæður meðal íslenskra nútímaskálda. Jafnframt er hann heimsborgari sem lætur sig varða fram-tíð mannkyns og örlög veraldar.“

Útgefandi er Hörpuútgáfan. Helgi Sæmundsson bjó ljóðasafnið til prentunar. Bókin er 339 bls. Prentvinnsla og bókband er unnið í Odda hf. Kápumynd er eftir Rafn Hafnfjörð. Bókin kostar 3.420 krónur.